

REGLUGERÐ**um (5.) breytingu á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 246/1982.**

1. gr.

Við 3. gr. kemur nýr stafliður, er hljóðar svo:

„b. Meðfæddur lungnasjúkdómur (bronchopulmonary dysplasia).“

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar ásamt síðari breytingum, öðlast gildi 1. október 1987.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. ágúst 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING**um sérstaka tollmeðferð vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE).**

I. KAFLI

Skilyrði fyrir sérstakri tollmeðferð.**Almenn skilyrði.**

1. gr.

Ákvæði EFTA-samnings og samnings Íslands og EBE með síðari breytingum ná, eftir því sem við á, til eftirtalinna ríkja í Evrópu, svo og til annarra nefndra landssvæða sem tengd eru hlutaðeigandi ríkjum:

EFTA-lönd: Austurríki, Finnland, Ísland, Noregur (ásamt Svalbarða), Sviss auk Liechtensteins og Svíþjóð.

EBE-lönd: Bretland og Norður-Írland (ásamt Ermasundseyjum og eyinni Mön), Danmörk, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Lúxemburg, Portúgal (ásamt Azoreyjum og Madeira), Sambandslýðveldið Þýskaland og Spánn (ásamt Ceuta, Kanaríeyjum og Melilla).

2. gr.

Vörur sem fluttar eru frá löndum þeim sem um ræðir í 1. gr., aðrar en upprunavörur frá Spáni og Portúgal sem ákvæði 20. og 21. gr. þessarar auglýsingar taka til, og falla undir tollskrárnúmer í 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. með síðari breytingum þar sem sérstakur tolltaxti er tilgreindur í dálkum merktum E geta notið tollfrelsis samkvæmt dálki merktum E að uppfylltum neðangreindum skilyrðum: